# *Nr. 052 / 12 Siglunes SH 22*

## *Vélarbilun og dregið til hafnar*

*Skipaskr.nr.* 6298
*Smíðaður:* Vogum 1978 plast
*Stærð:* 3,69 brl. 2,8 bt.
*Mesta lengd:* 6,99 m *Skráð lengd:* 6,57 m
*Breidd:* 2,12 m *Dýpt:* 1,36 m
*Vél:* Volvo Penta 119 kW, 1995
*Fjöldi skipverja:* 1

***Gögn:***
*Gögn RNS*



Siglunes ©Hilmar Snorrason

*Málið afgreitt á fundi 31. ágúst 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 4 júní 2012 var Siglunes SH 22 á siglingu á sunnanverðum Breiðafirði. Veður: NA 7-8 m/s.

Þegar báturinn var skammt norður af Búlandshöfða fór aðvörunarkerfi vélarinnar í gang og stöðvaði skipstjóri hana strax. Í ljós kom að smurolía hafði sprautast út um gat á smurolíukælinum og runnið niður í kjalsog. Óskað var eftir aðstoð og björgunarbátur björgunarsveitarinnar í Grundarfirði dró Siglunes SH til hafnar.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að viðgerðarsuða á kælihúsi gaf sig. Vegna tæringar hafði sprunga myndast á kælihúsinu en hún hafði verið sandblásin, hreinsuð og soðið í hana en viðgerðin gaf sig á siglingunni;
- að settur var nýr kælir um borð.

### *Nefndarálit:*

Nefndin ályktar ekki í málinu.